

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Ólafsvík 14.10.2022

Efni: **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um tímabindingu veiðiheimilda til 20 ára o.fl.**

Samtök smærri útgerða hafa áður lýst andstöðu sinni við umrætt mál en ástæða er til að ítreka andstöðu okkar

- Þarna er talað um að tilgangurinn sé að minnka óvissuna sem fylgi kvótakerfinu en ef eitthvað eykur óvissuna þá eru það svona pólitískar aðgerðir.
- Hér er enn og aftur sett fram tillaga um að færa verðmæti af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins en málið er fært í þann skrautbúning að verðmætin fari í sjóð sem landsbyggðin geti svo betlað úr (með tilheyrandi kostnaði og vinnu). Hver skyldi kostnaðurinn verða við umsýslu slíks sjóðs og hvar verður hann eftir?
- Uptaka og uppboð aflaheimilda leiðir óhjákvæmilega til frekari samþjöppunar aflaheimilda þar sem þeir stærstu hafa bolmagnið til að bjóða í aflaheimildirnar en einyrkjarnir ekki og þar sem flest fyrirtæki í útgerð á landsbyggðinni eru tiltölulega lítil fjölskyldufyrirtæki má sannarlega segja að þessi þingsályktunartillaga sé aðför að landsbyggðinni. Þveröfugt við það sem fullyrt er í greinargerðinni.
- Þetta er í raun tillaga um að ríkið taki til sín allar aflaheimildir á 20 ára tímabili og færi til stærstu útgerðanna, þar sem þær hafa mögulega bolmagnið til að vinna innan slíks kerfis. Þar af leiðandi er þetta tillaga um að ganga af smærri útgerðum dauðum.
- Þar af leiðandi lýsa Samtök smærri útgerða að sjálfsgöðu yfir eindreginni andstöðu við tillöguna.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka smærri útgerða
Örvar Marteinson
formaður